



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

14. NÓVEMBER 2025
NORÐURLJÓS HARPA

LIZA FERSCHTMAN LEIKUR BACH



LIZA FERSCHTMAN

LEIKUR BACH

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM 14. NÓVEMBER KL. 18:00

LIZA FERSCHTMAN
EINLEIKARI

JOHANN SEBASTIAN BACH

Sónata nr. 2 í a-moll BWV 1003 (24')

Grave

Fuga

Andante

Allegro

JOHANN SEBASTIAN BACH

Partíta nr. 2 í d-moll BWV 1004 (26')

Allemande

Corrente

Sarabanda

Giga

Ciaccona

Tónleikarnir eru teknir upp og verður
útvarpað á Rás 1 síðar

For information in English about
tonight's programme, please visit
the Iceland Symphony Orchestra
website: en.sinfonia.is

LIZA FERSCHTMAN

Hollenski fiðluleikarinn Liza Ferschtman hefur komið víða við á glæstum ferli sínum sem fiðluleikari. Hún er þekkt fyrir áhuga sinn á fjölbreyttri tónlist og flytur jöfnum höndum eldri tónlist sem nýrri; allt frá barokktónlist til fjölbreyttra samstarfsverkefna með tónskáldum samtímans. Liza hefur komið fram sem einleikari með mörpum af þekktustu hljómsveitum heims líkt og Sinfóníuhljómsveitinni í San Francisco, Filharmóníuhljómsveitinni í Helsinki og Hátíðarhljómsveitinni í Budapest og unnið með stjórnum líkt og Ivan Fisher, John Storgårds, Elias Grandy og Stephene Denève. Liza hefur einnig getið sér gott orð sem flytjandi einleiksverka og oft fengist við stórar áskoranir á því sviði. Hún er þekkt fyrir túlkun sína á einleikssónötum og partítum J. S. Bachs og jafnvel flutt þær allar á einum og sömu tónleikunum.

JOHANN SEBASTIAN BACH

J. S. Bach (1685-1750) samdi verk sín fyrir einleiks fiðlu; þrjár sónötur og þrjár partítur, þegar hann starfaði við hirðina í Köthen í Þýskalandi í kringum árið 1720. Áhuginn á möguleikum fiðlunnar sem fjölradda einleikshljóðfæri hafði vaxið nokkuð á þessum árum og tónskáld eins og Heinrich Biber, Pisendell og fiðlusnillingurinn Westhoff höfðu reynt fyrir sér á þessu sviði. Líkt og svo oft, er framlag J.S. Bach til formsins hins vegar svo stórfenglegt að flest öll tónverk af þessum toga falla í skuggan af „Himalayafjöllum fiðluleikaranna“ líkt og tónskáldið og fiðluleikarinn George Enescu kallaði verkin. Tónlist Bachs er líka einstök, þar sem fiðlan leikur öll hlutverkin; syngur laglínuna, býr til hljómræna framvindu og leikur kontrapunkt á móti sjálfri sér, jafnvel í mörgum röddum. Niðurstaðan verður tónlist sem er bæði persónuleg en á sama tíma byggingarfræðilegt stórvirki, dómkirkja fyrir einn flytjanda.

Sónatan í a-moll fylgir formi hinnar hefðbundnu krikjusónötu, *sonata da chiesa*; hægt-hratt-hægt-hratt. Eftir hægan inngangskaflann, *Grave*, komum við að kjarna sónötunnar, stórrí þriggja radda fúgu með stuttu auðþekkjanlegu stafi sem nýtt er til hins ítrasta og heyrir í ýmsum myndum gegnum alla fúguna. Þriðji kaflinn, *Andante*, er líkt og hugleiðing eftir hin miklu átök fúgunnar; flæðandi laglína sem svífur fyrir ofan stöðugan en kyrrlátan púls. Lokabátturinn, *Allegro*, er orkumikill og lifandi, byggður á gangandi sextánduparta-hreyfingu.

Partítan í d-moll er röð dansa, sem var afar vinsælt form hljóðfæratónsmíða á barokk-tímabilinu. Upphafskaflarnir fjórir; *Allemande*, *Corrente*, *Sarabanda* og *Giga* byggja á samnefndum dönsnum og eru e.k. stúdíur á þeirri stemmningu og þeim tilfinningum sem dansarnir standa fyrir. Frá virðulegum hirðdansi til tápmikillar sveiflu og kyrrlátrar íhugunar til sprúðlandi fjörs. Eftir þessa fjóra kafla tekur hins vegar við eitthvað allt annað, *Ciacconna*, sem er næstum jafnlöng og allir fjórir undanfararnir til samans og skyggir á þá alla þegar kemur að inntaki og tilfinningadýpt. Sjakkonnan er stórfengleg tónsmíð, röð tilbrigða yfir endurtekinn hljómgang og/eða bassagang. Hún er í þrískiptu formi, A-B-A, þar sem miðhlutinn er í samnefndri dúrtöntegund.

Mikið hefur verið ritað um sjakkonnuna og tilurð hennar, þar sem að stærð hennar er í engu samræmi við hefðbundið form dans-svítunnar. Bach sérfræðingurinn Helga Thoene vildi meina að partítan öll og einkum sjakkonnan sé full af vísunum í dauðann og segir að sálmalög honum tengdum séu falin víðs vegar í verkinu. Sjakkonnan sjálf sé svo hugsuð sem bautasteinn til minningar um eiginkonu tónskáldsins, Maríu Barböru, en hún lést einmitt árið 1720, sama ár og talið er að Bach hafi skrifað partítuna.

Tryggvi M. Baldvinsson

AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR



4. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

FABIO BIONDI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JULIA HANTSCH
EINLEIKARI

Sinfóníuhljómsveit Íslands slær hátíðlegan takt í upphafi aðventu með komu ítalska hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Fabio Biondi. Hann er einn þekktasti stjórnandi samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum og leiðir hér Sinfóníuna í efnisskrá sem inniheldur margar þekktar perlur úr tónbókmenntum fyrri tíma.